



Sjálfvirkir lyfjaskammtar fyrir velferðarþjónustu
Reykjavíkurborgar

ÚTBOÐ nr. 15679

Útboðslýsing

Kaupandi:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Umsjónaraðili útboðs:

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Nóvember 2022

Efnisyfirlit

0. ÚTBOÐSSKILMÁLAR	3
0.1 Almenn lýsing útboðs	3
0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar	3
0.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs	3
0.1.3 Útboðsgögn	3
0.2 Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti	4
0.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun	4
0.4 Hæfi bjóðanda	4
0.4.1 Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda	4
0.4.2 Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu	4
0.4.3 Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu	4
0.4.4 Tæknilýsing búnaðar	5
0.5 Fylgigögn bjóðanda með tilboði	5
0.6 Gerð, framsetning og afhending tilboðs	6
0.6.1 Tilboð í hluta	7
0.6.2 Fyrirvarar	7
0.6.3 Frávikstilboð	7
0.6.4 Afturköllun tilboða	7
0.7 Opnun tilboða	7
0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs	7
0.8.1 A – Verð (50%)	8
0.8.2 B – Gæði (50%)	8
0.9 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna	9
0.10 Samþykki tilboðs og samningur	9
0.11 Réttarræði bjóðenda, fyrirvari um óvirkni og bótaskyldu	10
1. SAMNINGSSKILMÁLAR	10
1.1 Samskipti á samningstíma	10
1.2 Gildistími samnings	11
1.3 Afhending og afhendingarskilmálar	11
1.4 Verðlagsgrundvöllur	11
1.5 Greiðslur	12
1.5.1 Rafrænir reikningar	12
1.5.2 UNSPSC vöruflokkun	13
1.6 Févítí	13
1.7 Óviðráðanleg ytri atvik	13
1.8 Ábyrgð og tryggingar	13
1.9 Misræmi í gögnum	14
1.10 Framsal réttinda	14
1.11 Skuldskeyting - undirverktaka	14
1.12 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð	14
1.13 Persónuvernd	14
1.14 Vanefndir og uppsögn	15
1.15 Lög og reglugerðir	16
1.16 Ágreiningsmál	16
2. TÆKNILÝSING	16
2.1 Lágmarkskröfur til vélbúnaðar, hugbúnaðar og þjónustuveitenda	16
2.1.1 Tæknilegar forsendur:	16
2.1.2 Viðvaranir	17
2.1.3 Þjónustulegar forsendur:	17
2.1.4 Hugbúnaður	18
2.1.5 Öryggi- vél og hugbúnaður	18

0. Útboðsskilmálar

Í útboðsskilmálum koma fram upplýsingar um innkaupaferlið og þær reglur sem fylgt verður við framkvæmd innkaupaferilsins. Einnig eru settar fram kröfur um hæfi sem bjóðanda ber að uppfylla samkvæmt nánari skilgreiningu í útboðsgögnum.

0.1 Almenn lýsing útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnd Innkaupaskrifstofa), f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar (hér eftir nefndur kaupandi) óskar eftir tilboðum í leigu á 100 - 200 lyfjaskömmtum fyrir velferðarþjónustu borgarinnar samkvæmt þessum útboðsgögnum. Leiga á búnaði mun vera 2 ár með möguleika á framlengingu um eitt ár, tvisvar sinnum. Um er að ræða almennt útboð þar sem hvaða fyrirtæki sem er getur lagt fram tilboð.

0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar

- EES útboð: Já.
- Fyrirspurnarfrestur bjóðanda: 21. nóvember 2022 kl. 12:00
- Svarfrestur kaupanda: 28. nóvember 2022 kl. 12:00
- Opnunartími og tilboðsfrestur rennur út: 5. desember 2022 kl. 10:15
- Tilboð skulu gilda í 8 vikur frá opunardegi tilboða.

0.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Ísland

Sími: 411-1040

Netfang Innkaupaskrifstofu: utbod@reykjavik.is

Útboðsvefur Reykjavíkurborgar: <http://utbod.reykjavik.is>

Vefsíða Innkaupaskrifstofu: <http://reykjavik.is/utbod>

0.1.3 Útboðsgögn

- Útboðslýsing þessi nr. 15679
- Fylgiskjal 1 - Tilboðsbók nr. 15679 (Excel skjal sem inniheldur Tilboðsblað, Tilboðsskrá, lágmarkskröfulist og matstöflu).
- Fylgiskjal 2 – Gátlisti og formblöð A1-A6.
- Fylgiskjal 3 – Vinnslusamningur.
- Viðaukar sem sendir eru út áður en tilboðsfrestur rennur út af Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, ef við á.

Hér eftir verður vísað til allra ofangreindra útboðsgagna sem Útboðsgögn nr. 15679

0.2 Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti

Öll samskipti skulu fara fram með skriflegum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar í gegnum flipann „Samskipti/Correspondence“ fyrir þetta útboð á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda Innkaupaskrifstofu skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan fyrirspurnarfrest. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina.

Bjóðandi er hvattur til þess að kynna sér útboðsgögnin vel og nýta sér fyrirspurnir til þess að koma á framfæri athugasemdum sem hann hefur við gögnin.

Viðaukar við útboðsgögn sem geta innihaldið svör við fyrirspurnum, breytingar á útboðsgögnum eða aðrar viðbótarupplýsingar verða birtir á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Bjóðendur bera ábyrgð á því að fylgjast með framkvæmd útboðsins á útboðsvefnum.

0.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun

Ekki verður boðið upp á kynningarfund eða vettvangsskoðun í þessu útboði.

0.4 Hæfi bjóðanda

0.4.1 Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna starfsréttinda til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna starfsréttinda verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðendur skulu vera skráðir í fyrirtækjaskrá. Þegar um er að ræða fyrirtæki frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal fyrirtæki sýna fram á fullnægjandi skráningu í heimaríki sínu með vottorði.

0.4.2 Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna fjárhagsstöðu verður tilboðum þeirra hafnað.

- Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld.
- Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.
- Bjóðandi skal vera með jákvætt eigið fé.
- Bjóðandi skal vera með ársveltu sem nemur 10% af tilboðsfjárhæð bjóðanda.

0.4.3 Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu verður tilboðum þeirra hafnað.

- Bjóðandi skal starfa samkvæmt viðurkenndu gæðakerfi og með tilboði skila greinargerð þar sem gerð er grein fyrir innra eftirliti og hvernig gæði eru tryggð.



- Bjóðandi skal hafa skilgreint skriflegt upplýsingaöryggiskerfi og hafa skilgreinda upplýsingaöryggisstefnu, persónuverndarstefnu og hafa skipað persónuverndarfulltrúa.
- Boðinn búnaður skal hafa reynslu á markaði og skal búnaður vera notaður af a.m.k. 400 notendum hér á landi eða á evrópska efnahagssvæðinu á sl. 5 árum.
- Bjóðandi skal hafa yfirgripsmikla þekkingu bæði á vél- og hugbúnaði þess búnaðar sem bjóðandi býður upp á og veita Reykjavíkurborg alla þá þekkingu sem nauðsynleg er til að prófa og innleiða kerfið.
- Bjóðandi skal geta veitt viðbragðsþjónustu allan sólahringinn vegna tæknibilana eða misræmis í lyfjagjöf.
- Bjóðandi skal tilgreina a.m.k. einn sérhæfðan verkefnastjóra í verkefnið sem er virkur þáttakandi í verkefninu.

Kaupandi áskilur sér rétt til að vísa frá tilboðum bjóðenda sem hafa ekki staðið sig við framkvæmd fyrri og/eða yfirstandandi samninga við kaupanda/opinbera kaupendur. Við mat á því hvort framangreindri heimild verði beitt verður m.a. litið til upplýsinga og gagna kaupanda/opinberra kaupenda um erfið samskipti bjóðanda við kaupanda og/eða eftirlitsaðila á samningstíma, ítrekuð eða alvarlegt brot bjóðanda á ákvæðum samnings aðila við framkvæmd samnings, tafir o.fl.

0.4.4 Tæknilýsing búnaðar

Bjóðandi skal skila inn með tilboði sínu tæknilýsingu búnaðar og skal bjóðandi uppfylla allar lágmarkskröfur sem settar eru fram í kafla 2 þ.e. „Lágmarkskröfur til vélbúnaðar, hugbúnaðar og þjónustuveitenda“.

0.5 Fylgigögn bjóðanda með tilboði

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði bjóðanda.

A. Upplýsingar um hæfi vegna starfsréttinda, sbr. kafla 0.4.1

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu afriti af skráningu úr fyrirtækjaskrá eða sambærilegu vottorði frá heimaríki sínu.

B. Upplýsingar um hæfi vegna fjárhagsstöðu, sbr. kafla 0

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu frá lífeyrissjóði/sjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu síðastgerðum ársreikningi, eigi eldri en tveggja ára. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda.

C. Upplýsingar um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu, sbr. kafla 0

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu upplýsingar sem staðfesta að bjóðandi uppfylli allar þær kröfur sem lagðar eru fram í kafla „0.4.3-Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu“.

D. Upplýsingar um laun, starfskjör og keðjuábyrgð, sbr. kafla 1.12

- ✓ Bjóðandi skal skila undirritaðri yfirlýsingu um ábyrgð sína varðandi það að hann tryggi og beri ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

E. Upplýsingar er varða verkefnið

- ✓ Útfyllt og undirritað tilboðsblað (sjá 15679 - Fylgiskjal 1 - Tilboðsbók)
- ✓ Útfyllt og undirrituð tilboðsskrá (sjá 15679 - Fylgiskjal 1 - Tilboðsbók)
- ✓ Útfylltur og undirritaður lágmarkskröfulist (sjá 15679 - Fylgiskjal 1 - Tilboðsbók)
- ✓ Útfyllt tilboðsbók (Tilboðsblað, tilboðsskrá og lágmarkskröfulist) sem Excel-skjal
- ✓ Upplýsingar um fyrirtækið og helstu stjórnendur þess (sjá 15679 - Fylgiskjal 2 – Gátlisti og formblöð A1-A6)
- ✓ Upplýsingar um boðna vöru/þjónustu
- ✓ Upplýsingar um gæðastjórnunarkerfi og upplýsingaöryggiskerfi bjóðenda (sjá 15679 - Fylgiskjal 2 – Gátlisti og formblöð A1-A6)
- ✓ Upplýsingar um reynslu af fyrri verkum bjóðenda (sjá 15679 - Fylgiskjal 2 – Gátlisti og formblöð A1-A6)
- ✓ Upplýsingar um sérhæfðan verkefnastjóra fyrir verkefnið (sjá 15679 - Fylgiskjal 2 – Gátlisti og formblöð A1-A6)
- ✓ Tæknilysing á búnaði
- ✓ Staðfesting á CE vottun
- ✓ Drög að innleiðingaráætlun

Ekki er tryggt að merktir liðir séu tæmandi listi yfir gögn sem bjóðendum ber að skila og er rík skylda lögð á bjóðendur að kynna sér gögnin rækilega. Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki kann það að valda ógildingum tilboðs.

0.6 Gerð, framsetning og afhending tilboðs

Tilboð skal sett fram í tilboðsbók og skilað ásamt umbeðnum gögnum með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að tilboðsfrestur er útrunninn.

Bjóðandi skal í tilboði sínu gera ráð fyrir öllum kostnaði og gjöldum sem hann skal bera, hvaða nafni sem þau nefnast, sem hljótast af vegna verkefnisins eins og því er lýst í þessum útboðsgögnum. Tilboðsfjárhæðir skulu tilgreindar án virðisaukaskatts.

Sé ósamræmi á milli tilboðsskrár og tilboðsblaðs verða tilboð leiðrétt m.t.t. tilboðsskrár.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum. Kaupandi mun ekki greiða fyrir kostnað bjóðanda sem hlýst vegna þátttöku og tilboðsgerðar í þessu útboði. Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku og/eða ensku.

Innkaupaskrifstofa mælir með því að bjóðandi kynni sér útboðsvef Reykjavíkurborgar. Innkaupaskrifstofa getur ekki tryggt að bjóðandi fái aðstoð við notkun á útboðsvef. Innkaupaskrifstofa mun leitast við að aðstoða bjóðanda við notkun á útboðsvef enda berist ósk þar um með hæfilegum fyrirvara eða eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir viðkomandi tímafrest.

0.6.1 Tilboð í hluta

Útboði er ekki skipt upp í hluta.

0.6.2 Fyrirvarar

Bjóðanda er óheimilt að gera hvers kyns fyrirvara við tilboð sitt. Innihaldi tilboð fyrirvara án þess að slíkt sé heimilað verður viðkomandi tilboði hafnað.

0.6.3 Frávikstilboð

Frávikstilboð eru óheimil.

0.6.4 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt á útboðsvef Reykjavíkurborgar áður en tilboðsfrestur rennur út.

0.7 Opnun tilboða

Tilboð verða opnuð eftir að tilboðsfrestur rennur út.

Opnun tilboða fer fram á opnunarfundi með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Á opnunarfundi verða lesin upp nöfn bjóðenda, heildartilboðsupphæð og hvort tilboð séu sett fram sem frávikstilboð og skráð í fundargerð opnunarfundar. Fundargerðin ásamt samantekt sem inniheldur frekari upplýsingar af tilboðsblöðum bjóðenda verður birt opinberlega á vefsíðu Innkaupaskrifstofu eftir opnun tilboða.

Tilboð verða opnuð eftir að tilboðsfrestur rennur út.

Opnun tilboða fer fram með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Sjá má niðurstöðu í fundargerð opnunarfundar á vefslóðinni [Opnun tilboða 2022 | Reykjavík](#)

0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs

Tilboð verða einungis metin á grundvelli innsendra gagna. Samið verður við þann aðila sem fær flest stig út úr mati samkvæmt matslíkani útboðsins.

Kaupandi mun því velja og semja við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða að uppfylltum lágmarkskröfum. Vægi verðs í útboði þessu er 50% og vægi gæða er 50%.

Tilboð bjóðanda telst óaðgengilegt ef bjóðandi býður hærra verð en kostnaðaráætlun kaupanda gerir ráð fyrir. Kaupandi áskilur sér þó rétt til að taka tilboði sem er hærra en kostnaðaráætlun eftir því sem við á.

Kaupandi tilnefnir fimm aðila til þess að meta gæði lyfjaskammtara.

- Tveir aðilar frá velferðartæknismiðju Reykjavíkurborgar
- Þrjú aðilar frá heimabjónustu Reykjavíkurborgar

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir skýringum, upplýsingum eða boða til skýringarfundar með bjóðanda ef gögn sem bjóðandi leggur fram virðast ófullkomin eða ef tiltekin skjöl vantar, þannig að kaupandi geti betur lagt mat á tilboð bjóðanda með tilliti til lágmarkskrafna og hæfi bjóðanda.

Kaupandi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða formannmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati kaupanda ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógildi tilboðs fæli í sé strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans.

0.8.1 A – Verð (50%)

Bjóðendur skulu fylla út alla liði í 15679 - Fylgiskjali 1 - Tilboðsbók og skila með tilboði sínu. Geri bjóðandi það ekki áskilur kaupandi sér rétt til að hafna tilboði bjóðanda án frekari skoðunar.

Ef margföldunar- eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsbók verð gerðar viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðum verðtilboðs en einingaverð/magntölur eru bindandi fyrir bjóðendur.

Stigagjöf: Lægsta verðtilboð fyrir lyfjaskammtara gefur hæstu einkunn eða 50 stig. Stig fyrir þennan hluta eru reiknuð samkvæmt reikniformúlu : $S=50 \times (L/T_i)$ þar sem S táknar fjölda stiga, L táknar upphæð lægsta verðtilboð og T_i táknar upphæð þess tilboðs sem verið er að reikna stig fyrir.

Upplýsingar um hvernig mati á verðtilboði bjóðenda verður háttað má finna í Tilboðsbók nr. 15679: Matstafla með útboðsgögnum þessum.

0.8.2 B – Gæði (50%)

Gæði búnaðar verður metin út frá neðangreindum matsflokkum, sjá **15679 - Fylgiskjali 1 – Tilboðsbók**. Þeir matsflokkar sem verða metnir :

1. Viðmót lyfjaskammtara sem snýr að notendum er þægilegt:
 - 1.1 Stýrihnappur á búnaði eru auðsjáanlegir.
 - 1.2 Stærð hnappa er hentug svo einfalt er að ýta á takka.
 - 1.3 Staðsetning stýrihnappa er á ákjósanlegum stað þar sem einfalt er að ýta á þá.
 - 1.4 Ýta þarf hæfilega lengi á hnappa til þess að nálgast lyf.
 - 1.5 Lyfjaskammtari getur sýnt notanda hvenær næsti lyfjaskammtur er.
 - 1.6 Lyfjaskammtari er með stafrænan skjá, 0 stig eru gefin fyrir lyfjaskammtara sem ekki er með stafrænan skjá, 4 stig ef lyfjaskammtari er með stafrænan skjá, og 6 eða 8 stig eftir því hversu notendavænn skjárinn er s.s. einfaldleiki og hversu auðvelt sé að ýta á skjáinn
 - 1.7 Hægt er að stilla hljóð á a.m.k. 3 styrkleikaflokka.
 - 1.8 Hægt er að stilla hljóð yfir 75 db, 0 stig eru gefin fyrir allt undir og 8 stig fyrir allt yfir
 - 1.9 Hægt er að stilla á mismunandi raddleiðbeiningar.
 - 1.10 Ákefð hljóðs á tilkynningum eykst með tímanum sem líður frá tilsettum lyfjatíma.

Stig fyrir gæði fyrir viðmót notenda miðast við eftirfarandi flokka:

- MS - Mjög Sammála = 8 stig
- S - Sammála = 6 stig
- H - Hvorki Né = 4 stig
- Ó - Óssammála = 2 stig
- MÓ - Mjög óssammála = 0 stig

2. Viðmót lyfjaskammtara sem snýr að starfsfólki er einfalt:
 - 2.1 Lyfjaskammtarar eru einfaldir til meðhöndlunar.
 - 2.2 Einfalt er að skipta um lyfjarúllur.
 - 2.3 Viðmót í miðlægu kerfi er einfalt og auðvelt að vinna með.



- 2.4 Kerfið býður upp á að starfsmaður þurfi að staðfesta móttöku tilkynninga þegar þær berast.
- 2.5 Auðvelt er að rekja hvaða starfsmaður tók við viðvörun í miðlægu kerfi.

Stig fyrir gæði fyrir viðmót starfsfólks miðast við eftirfarandi flokka:

- MS - Mjög Sammála = 4 stig
- S - Sammála = 2 stig
- H - Hvorki Né = 1 stig
- MÓ – Mjög óssammála = 0 stig

Kaupandi áskilur sér þann rétt að hafna tilboði sem hlýtur lægri en 25 stig fyrir gæði, hæsti stigafjöldi fyrir gæði er 50 stig.

Innan stutts frests frá opnun tilboða skulu bjóðendur, sé þess óskað, afhenda kaupanda eitt eintak af búnaði sem boðinn er, til láns í vikutíma fyrir matsnefnd til samanburðar.

Upplýsingar um hvernig mat á tilboði bjóðenda m.t.t. gæða verður háttað má finna í Tilboðsbók nr. 15679: Matslíkan með útboðsgögnum þessum.

0.9 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi á opunardegi tilboðs, verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti, hryðjuverk, brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, mansali eða þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings. Skylda til að útiloka bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir framangreind brot, er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða í því.

Heimilt er að útiloka bjóðanda frá samningum ef eitthvað af tilvikum sem nefnd eru í 4. og 6. mgr. 68. gr. laga nr. 120/2016 eiga við um hann.

Við mat á því hvort skilyrði 3., 4. og 6. mgr. 68. gr. laga um opinber innkaup eigi við um bjóðanda skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós atvik samanber ofangreind ákvæði eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur kaupandi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

0.10 Samþykki tilboðs og samningur

Tilboð verður samþykkt skriflega innan gildistíma þess og telst þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

Eftir að samningur er kominn á verður samningsform undirritað.

0.11 Réttarúrræði bjóðenda, fyrirvari um óvirkni og bótaskyldu

Í XI. kafla laga nr. 120/2016 um opinber innkaup er fjallað um kæruleið og kærunefnd útboðsmála. Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 106 gr.: „Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Við nánari ákvörðun frestsins gildir eftirfarandi:

1. Þegar kærð er ákvörðun um val tilboðs eða aðrar ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. 85. gr. skal miða upphaf frests við birtingu þeirra tilkynninga sem þar greinir, enda hafi þær að geyma tilskildar upplýsingar.

2. Þegar höfð er uppi krafa um óvirkni samnings sem gerður hefur verið án undanfarandi útboðsauglýsingar skal miða upphaf frests við eftirfarandi birtingu tilkynningar um gerð samningsins í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, enda komi þar fram rökstuðningur ákvörðunar kaupanda um að auglýsa ekki innkaup.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Kærandi skal tilkynna kaupanda um kæru eins skjótt og mögulegt er.“

Bjóðandi er hvattur til að kynna sér frekar úrræði laga nr. 120/2016.

Kaupandi sem stendur að útboðinu telur að framkvæmd þess sé lögmæt en komist kærunefnd útboðsmála eða dómstólar að annarri niðurstöðu skulu bótakröfur takmarkaðar við vangildisbætur þannig að kaupanda sé einungis skylt að greiða bætur sem nemi kostnaði við að undirbúa tilboð og taka þátt í útboði. Gengur bjóðandi að þeim skilmálum um leið og tilboð hans er samþykkt.

1. Samningsskilmálar

Í samningsskilmálum er kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila þegar tilboð hefur verið endanlega samþykkt og eftir að kominn er á bindandi samningur að loknu innkaupaferli. Sá aðili sem kaupandi semur við að loknu innkaupaferli er hér eftir kallaður „seljandi“ og/eða „bjóðandi“.

1.1 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun kaupandi annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

Kaupanda er heimilt að óska eftir minniháttar breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda. Allar óskir um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins.

Samningur um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum. Kaupandi áskilur sér rétt til að leigja allt að 100 stykkjum til viðbótar af búnaði þeim sem tilgreindur eru í lið 1.1. á grundvelli þessa útboðs.

Á samningstíma er kaupanda heimilt að taka þátt í prófunum á sambærilegum búnaði ef ný og þróaðri vara kemur inn á markaðinn.

1.2 Gildistími samnings

Samningurinn tekur gildi við undirskrift og er gildistími samning 2 ár frá því að búnaður er afhentur til Velferðarsviðs Reykjavíkur. Heimilt er að framlengja samninginn tímabundið tvisvar sinnum um hámark eitt ár í senn, þannig að samningstími verði samtals 4.ár. Samþykki beggja aðila þarf fyrir framlengingu samningstíma.

Ákvörðun kaupanda um framlengingu samnings, með samþykki og staðfestingu seljanda, skal liggja fyrir fjórum mánuðum áður en samningur rennur út.

1.3 Afhending og afhendingarskilmálar

Seljandi ábyrgist að vörur séu samkvæmt forskrift útboðsgagna við afhendingu.

Seljandi ábyrgist að viðeigandi rekstrarvörur (lyfjapokar/lyfjarúllur) séu aðgengilegar allt samningstímabilið.

Séu vörur skemmdar við afhendingu vegna flutninga, framleiðslugalla eða annarra ástæðna skal seljandi taka við skemmdu vörunum og afhenda heilar vörur eins fljótt og mögulegt er á sinn kostnað.

Kaupandi mun í samstarfi við seljanda innleiða nýja lyfjaskammtara í ákveðnum skrefum yfir tiltekið tímabil á samningstíma. Kaupandi mun skuldbinda sig við 100 stk af lyfjaskömmturum en mun áskila sér þann rétt að auka fjölda lyfjaskammtara að hámarki í 200 stk. á samningstíma.

Kaupandi mun ekki þurfa að vera með hvern lyfjaskammtara fyrir sig í leigu í samfelld 2.ár. Gert er ráð fyrir að leiga á hvern lyfjaskammtara mun aldrei vera minni en 6.mánuðir.

Kaupandi og seljandi munu þurfa að vinna innleiðingarátætlun saman, sjá drög að innleiðingarátætlun í töflu að neðan.

Drög að innleiðingar áætlun á samningstíma		
Tímabil	Fjöldi	Heild
Við undirskrift samnings	35 stk	35 stk
Á tímabili 15. feb til 15. ágúst	35 stk	70 stk
15. Ágúst - 31. desember	30 stk	100 stk
15. Ágúst 2023 - Lok árs 2024 (valkvætt)	Eftir þörfum	Að hámarki 200 stk

1.4 Verðlagsgrundvöllur

Heimilt er að leggja fram tilboð í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðli sem hefur skráð gengi hjá Seðlabanka Íslands. Öll tilboð verða metin í íslenskum krónum. Tilboð í erlendum gjaldmiðli verða uppreiknuð af kaupanda með skráðu miðgengi viðkomandi gjaldmiðils hjá Seðlabanka Íslands á opunardegi tilboða.

Sé gjaldmiðill ekki tilgreindur á tilboðsblaði verður litið svo á að tilboð sé í íslenskum krónum.

Öll tilboðsverð skulu sett fram án virðisaukaskatts.

Tilboðsverð skal vera fast út samningstímann.

1.5 Greiðslur

Mánaðarlegar greiðslur fyrir leigu á tækjabúnaði og fyrirfram tilgreindar þjónustu.

Ef kaupandi eykur umfang sitt umfram 100 stk. þá skal greiðast sama einingaverð fyrir búnað og gefið var upp í tilboði.

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við dagsetningu reiknings. Ef reikningur er ekki sendur samkvæmt forskrift eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Þó Reykjavíkurborg greiði reikninga samkvæmt gjaldskrá sem ekki er staðfest af kaupanda felst ekki í því viðurkenning á nýrri gjaldskrá. Komi slíkt í ljós áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til skuldajöfnunar á grundvelli gildandi gjaldskrár.

Seljendur sem vilja grennslast fyrir um stöðu reikninga sinna hjá Reykjavíkurborg snúi sér til Fjármála- og áhættustýringarsviðs í síma 411-1111 eða tölvupóstfang: bokhald@reykjavik.is.

1.5.1 Rafrænir reikningar

Seljandi skal senda reikning vegna verkefnisins eftir að vara, þjónusta eða verk hefur verið afhent og samþykkt af kaupanda.

Ekki skulu koma fram á reikningi gjöld sem ekki tengjast seldri vöru eða þjónustu, s.s. seðil- eða þjónustugjöld.

Allir reikningar til Reykjavíkurborgar skulu vera á rafrænu formi. Skulu þeir fylgja gildandi tækniforskriftum frá Staðlaráði Íslands fyrir rafræna reikninga.

Upplýsingar er varða rafræna reikninga má nálgast á vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar>.

Reikningur skal ávallt innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Kennitala kaupanda: **530269-7609 (Reykjavíkurborg – Aðalsjóður)**
- Kostnaðarstaður/deild: F1300
- Verknúmer og/eða verkþáttur: F2168
- Númer samnings/útboðsnúmer: 15679
- GLN kennitala: 5699112305322. (F1300)
- Sundurliðun á vöru og/eða þjónustu, magn og eining
- Listaverð án vsk., afsláttarprósenta og afsláttarverð án vsk.
- UNSPSC númer: 42132201
- Aðrar lögbundnar upplýsingar

Rafræna reikninga skal senda þann dag sem dagsetning reiknings segir til um.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna reikningum sem uppfylla ekki framangreind skilyrði.

Ef nánari upplýsinga er óskað vegna rafrænna reikninga má hafa samband við Agresso sérfræðinga Fjármála- og Áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 eða senda fyrirspurn á netfangið: rafraenir.reikningar@reykjavik.is.

Þjóðendur skulu gera ráð fyrir öllum kostnaði vegna útgáfu og sendingu rafrænna reikninga í tilboðsverði sínu, þ.m.t. sundurliðun reikninga.

1.5.2 UNSPSC vöruflokkun

UNSPSC (United Nations Standard Product and Services Code®) er alþjóðlegt flokkunarkerfi fyrir vörur og þjónustu. UNSPSC flokkunin hentar fyrir allar gerðir framleiðsluvara og þjónustu í öllum greinum atvinnulífs. UNSPSC staðallinn er opin staðall og er aðgengilegur aðilum án kostnaðar. Uppbygging UNSPSC vöruflokkunarstaðals sameinuðu þjóðanna:

- Vöruhópur (Segment): 10000000
- Flokkur (Family): 10100000
- Tegund (Class): 10101500
- Vara (Commodity): 10101501

Reykjavíkurborg gerir kröfu til seljanda að í öllum línunum rafræns reiknings komi fram UNSPSC númer samkvæmt upplýsingum um rafræna reikninga.

Nánari upplýsingar um UNSPSC flokkunarkerfið má nálgast á <https://www.unspsc.org/>.

1.6 Févíti

Dragist afhending umfram umsaminn skiladag af orsökum sem ekki verða raktar til kaupanda, þá getur kaupandi krafist seljanda um févíti 0,2% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern byrjaðan almanaksdag sem afhending dregst umfram umsaminn skiladag. Þó skal hámark févíta vera sem svarar 10% af heildarsamningsfjárhæð. Sé hámarki févíta náð telst það veruleg vanefnd á samningi. Heimilt er að skuldajafna af heildarsamningsfjárhæð hafi greiðslur vegna févítis ekki skilað sér.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.12. Seljandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.12 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita févíti sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki takmarka kaupanda til að sækja frekari bóta sé þess þörf vegna drátta á afhendingu skv. lögbundnum vanefndarúrræðum gangi þau lengra en ákvæði þetta.

1.7 Óviðráðanleg ytri atvik

Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra orsaka (force majeure), t.d. viðskiptahamlana, flutningsskaða, eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands, hryðjuverka, hópslysa, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða truflunar á fjarskiptum eða orkuveitum skal seljandi eða kaupandi tilkynna eins fljótt og við verður komist um slíkar aðstæður og skilgreina á hvaða hátt það hefur áhrif á samningsskyldur þeirra. Séu einhverjar af ofantöldum aðstæðum fyrir hendi skal ekki beita vanefndarúrræðum ef seljanda eða kaupanda er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar enda hafi slíkar aðstæður verið tilkomnar eftir gildistöku samnings og ekki fyrirsjáanlegar í aðdraganda samnings.

1.8 Ábyrgð og tryggingar

Seljandi skal vera með allar lögboðnar tryggingar í gildi sem eiga við um hans starfsemi.

1.9 Misræmi í gögnum

Lögð er rík skylda á bjóðendur að kynna sér gögnin rækilega. Ef seljandi verður var við ósamræmi í útboðsgögnum eftir að samningur er kominn á skal seljandi tafarlaust tilkynna kaupanda það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum, er seljandi eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Vanræki seljandi að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi vara er afhent fellur réttur seljanda til bóta niður. Kaupandi á rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð sem leiða af framansögðu.

1.10 Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi sem gerður verður í framhaldi af útboði þessu nema með skriflegu samþykki kaupanda.

Seljanda er óheimilt að binda kaupanda á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á samningstímanum. Einnig er seljanda óheimilt, án sérstaks samþykkis kaupanda, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkefninu og kaupandi hefur greitt fyrir.

Vara sem kaupandi hefur fengið reikning fyrir má ekki vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda vörunnar, án sérstaks samþykkis kaupanda.

1.11 Skuldskeyting - undirverktaka

Seljanda er óheimilt, án samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Feli seljandi undirverktaka að taka að sér einstaka þætti, í kjölfar samþykktar kaupanda, skal tilkynna það kaupanda og breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

1.12 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð

Seljandi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

Þá skal kaupanda heimilt að greiða vangoldnar greiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna, sem svarar til launatengdra greiðslna, á kostnað seljanda standi hann ekki í skilum með slíkar greiðslur sbr. 42. gr. Innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Efni seljandi ekki samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði þessa kafla er kaupanda heimilt að beita ákvæðum sem fram koma í kafla 1.6 og í kafla 1.14.

1.13 Persónuvernd

Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur því sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlaga). Lögin eru byggð á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (almenna persónuverndarreglugerðin) eða „GDPR“.

Starfsemi þeirrar þjónustu sem útboðsgögn þessi taka til grundvallast á lagaskyldu. Nauðsynlegt er að vinna með tiltekna persónuupplýsingar svo velferðarsviði Reykjavíkurborgar sé mögulegt að starfrækja stuðningsþjónustu annars vegar og heimahjúkrun hins vegar og þannig veita þá þjónustu sem velferðarsviði Reykjaborgar er skylt að veita. Nánar tiltekið byggir vinnslan á lögum um

félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og samningi við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur heimahjúkrunar í Reykjavík sem tók gildi 1. janúar 2021, ásamt fylgiskjölum.

Í útboðsgögnum þessum er gert ráð fyrir að bjóðendum verði falin vinnsla almennra og viðkvæmra persónuupplýsinga á samningstímanum. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, ábyrgðaraðili, felur því þjónustuaðila, vinnsluaðila, vinnslu persónuupplýsinga. Áður en samningur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og þjónustuaðila er undirritaður skal gera vinnslusamning og vinnsluskrá í samræmi við 25. og 26. gr. persónuverndarlaga, framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd, sbr. 29. gr. persónuverndarlaga auk annarra ráðstafana sem lög gera kröfu um.

Persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar má sjá í heild sinni á heimasíðu Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/personuvernd>.

Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum borgarinnar. Reykjavíkurborg hefur því sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir: „persónuverndarlög“). Lögin eru byggð á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (almenna persónuverndarreglugerðin) eða „GDPR“.

Persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar má sjá í heild sinni á heimasíðu borgarinnar <https://reykjavik.is/personuvernd>.

Með útboðslýsingu þessari fylgir vinnslusamningur sem er órjúfanlegur hluti útboðsgagna og seljandi því bundinn af honum við töku tilboðs. Sérstakir viðaukar verða gerðir við vinnslusamninginn vegna allra verkefna á grundvelli samnings þessa, þar sem unnið er með persónuupplýsingar, þar sem vinnsluaðgerðir eru sérstaklega skilgreindar. Seljandi skal undirrita viðauka um vinnslu áður en verkefni hefst.

Seljandi skuldbindur sig til að grípa að lágmarki til þeirra öryggisráðstafana sem fram koma í vinnslusamningnum. Ef ítarlegri kröfur eru að finna í útboðslýsingu þessari og ósamræmi er milli öryggisráðstafana í vinnslusamningi og tæknilegra krafna í útboðslýsingu þessari, þá skulu strangari kröfur til bjóðanda gilda.

Frávik frá ákvæðum þessum, kröfum skv. vinnslusamningi, viðauka við hann, lögum og reglum um persónuvernd telst veruleg vanefnd á samningi þessum.

1.14 Vanefndir og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðsgagna þessa. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sett fram skriflega viðvörðun til seljanda. Ef þjónustan hefur verið ófullnægjandi ber seljanda að gera kaupanda grein fyrir því hvaða ráðstafana verður gripið til. Séu ráðstafanir metnar fullnægjandi af hálfu

kaupanda fær seljandi annað tækifæri til að halda áfram þjónustu. Séu ráðstafanir ekki metnar fullnægjandi af hálfu kaupanda telst það veruleg vanefnd á samningi og er kaupanda þá heimilt að segja upp samningi við viðkomandi seljanda.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.12. Seljandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.12 1.12 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

1.15 Lög og reglugerðir

Seljandi skal lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða. Seljandi skal tryggja að afhent vara og/eða þjónusta sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að á hverjum tíma út samningstímamann.

1.16 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi útboðslýsing fjallar um, skulu aðilar reyna sitt ítrasta til að ná sáttum og jafnvel leita formlegrar sáttamiðlunar hjá sáttamiðlara en að öðrum kosti skal ágreiningi vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

2. Tæknilýsing

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir tilboðum í leigu á 100 – 200 lyfjaskömmtum fyrir velferðarþjónustu borgarinnar.

Boðinn búnaður skal uppfylla lágmarkskröfur auk tæknilýsingar sem tilgreind er í þessum útboðsgögnum og vera viðurkenndur.

2.1 Lágmarkskröfur til vélbúnaðar, hugbúnaðar og þjónustuveitenda

2.1.1 Tæknilegar forsendur:

1. Með lyfjaskammtaranum skal vera hægt að skipuleggja, tímasetja og veita þjónustuþega lyfjagjöf með öruggum hætti án daglegrar aðkomu starfsmanns borgarinnar.
2. Lyfjaskammtarinn skal gefa frá sér hljóð og/eða raddmerki þegar þjónustuþegi á að taka lyfin.
3. Þjónustuþegi skal með einföldum hætti geta nálgast lyfin úr lyfjaskammtaranum á réttum tíma.
4. Þjónustuþegi skal eingöngu geta nálgast einn lyfjaskammt í einu.
5. Lyfin er hægt að geyma með öruggum hætti í lyfjaskammtara, hægt er að læsa lyfjaskammtara á öruggan hátt og tryggja að þjónustuþegi hafi aðeins aðgang að þeim lyfjum sem honum er ætlað að taka hverju sinni.



6. Lyfjaskammtari skal geta boðið upp á að fleiri en einn lyfjaskammtur sé tekinn út í einu, en það skal aðeins vera hægt með leyfi þjónustuveitanda.
7. Lyfjapoki skal vera opinn / með rifu þegar hann er tekinn úr lyfjaskammtaranum.
8. Lyfjaskammtari skal geta tekið á móti lyfjapokum frá a.m.k. þremur lyfjaskömmunarfyrtækjum sem til staðar er á Íslandi.
9. Lyfjaskammtarinn skal með markvissum hætti minna þjónustuþega á að taka lyf úr lyfjaskammtara.
10. Lyfjaskammtari skal yfirfara lyfjapoka áður en skammtað er og tryggja að réttur skjólstæðingur sé að fá réttan lyfjaskammt á réttum tíma.

2.1.2 Viðvaranir

1. Ef lyf eru ekki tekin skal kerfið sjálfkrafa senda skilaboð / viðvörðun til viðeigandi ábyrgðaraðila þar til brugðist hefur verið við viðvörðunni.
2. Boðinn búnaður skal senda skilaboð á starfsmenn um þau frávík sem starfsmenn þurfa að bregðast við svo að lyfjagjöf skjólstæðings haldist á áætlun.
3. Boðinn búnaður skal að lágmarki geta sent textaskilaboð í farsíma starfsmanna / umsjónaaðila hjá borginni og / eða á utanaðkomandi viðbragðsstöð allan sólarhringinn. Utanaðkomandi viðbragðsstöð skal þjónusta notendur á íslensku á virkum dögum frá kl. 08 – 16 en utan þess er í lagi að þjónustan sé á íslensku og/eða á ensku.
4. Boðinn búnaður skal bjóða upp á að hægt sé að stilla hversu langan tíma hver og einn skjólstæðingur hefur til þess að taka lyf þangað til viðvörðun fer í gang um að viðkomandi hafi ekki tekið lyfin
5. Boðinn búnaður skal einnig bjóða upp á að hægt sé að stilla viðvaranir þannig að þær sendist á fjölda (að lágmarki þriggja) viðbragðsaðila. Þannig að ef viðbragðsaðili 1 hefur ekki brugðist við viðvörðun innan x tíma skal viðvörðun sendast á viðbragðsaðili 2, o.s.frv. þar til brugðist hefur verið við og tryggt að í lagi sé með þjónustuþega.
6. Viðvaranir sem skulu berast skulu að lágmarki vera:
 - a. Lyf hafa ekki verið tekin
 - b. Lyfjaskammtari er ekki tengdur við rafmagn
 - c. Breytingar á netsambandi
 - d. Villur sem hindra sjálfvirka lyfjagjöf

2.1.3 Þjónustulegar forsendur:

1. Þjónustuaðili skal vera virkur þátttakandi í verkefninu með Reykjavíkurborg og tilgreina a.m.k. einn sérhæfðan verkefnastjóra í verkefnið, sem talar íslensku/ensku. (innifalið í lið 1.3 í tilboðsskrá).
2. Þjónustuaðili skal vera staðsettur á Íslandi/með útibú á Íslandi.
3. Þjónustuaðili sér alfarið um viðgerðir og útskipti á tækjabúnaði og skal skipta út biluðum eða gölluðum búnaði innan 24 klst. frá því að tilkynnt er um bilun til þjónustuaðila (innifalið í lið 1.1. í tilboðsskrá).
4. Með tilboði skal fylgja a.m.k. drög að innleiðingaráætlun og þjónustuaðili skal útfæra innleiðingaráætlun í samræmi við þá þjónustu sem kaupandi veitir í samvinnu við kaupanda.

5. Tilboð skal innihalda kennslu fyrir stjórnendur og starfsfólk Reykjavíkurborgar (liður 1.2 í tilboðsskrá)
6. Þjónustuaðili skal alltaf vera með auka byrgðir af lyfjaskömmtum ef upp koma bilanir.
7. Kerfið skal vera þjónustað, hýst og rekið af seljanda þ.e. fullur alrekstur á kerfinu skal vera innifalinn í mánaðarlegri leigu og skal unnin af seljanda út samningstíma (liður 1.1 í tilboðsskrá).

2.1.4 Hugbúnaður

1. Ef kerfið er með „Fat client“ notendaviðmót skal kerfið virka á stýrikerfi notenda Reykjavíkurborgar sem er Windows 10 eða nýrra.
2. Kerfið skal að öllu leiti uppfylla lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (90/2018).
3. Kerfið skal vera tilbúin lausn (e. COTS, commercial off the shelf) sem uppfyllir allar lágmarkskröfur sem koma fram í þessum útboðsgögnum.
4. Kerfið skal geta nýtt þann netþjón sem til staðar er á Íslandi.
5. Kerfið skal bjóða upp á að hægt verði að fylgjast með hvenær síðasti lyfjaskammtur er í lyfjaskammtara.
6. Kerfið skal vera á íslensku við afhendingu, bæði hvað snýr að starfsmönnum og þjónustuþegum.
7. Allar leiðbeiningar skulu vera á íslensku bæði sem snýr að vél- og hugbúnaði.

2.1.5 Öryggi- vél og hugbúnaðar

1. Búnaður skal vera CE vottaður
2. Lausnin, bæði vélbúnaður og hugbúnaður, skal vera með þeim hætti að notkun þess hjá Reykjavíkurborg uppfylli lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (90/2018).
3. Þjónustuaðili skal aðstoða Reykjavíkurborg við allar aðlaganir lausnarinnar á prófunartíma til að uppfylla lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (90/2018) (Liður 1.3 í tilboðsskrá).
4. Tilkynningar um frávik í lyfjagjöf skulu berast í rauntíma
5. Hægt skal vera að læsa lyfjahólfi til koma í veg fyrir misnotkun lyfja.
6. Starfsfólk skal skrá sig inn í lyfjaskammtara með rafrænum hætti t.d. RFID korti eða öðru sambærilegu, eða notendanafni og lykilorði.
7. Það skal vera hægt að tryggja lyfjagjöf við rafmagnsleysi.
8. Hugbúnaður skal krefja notendur með kerfisstjórnaraðgang um tvíþátta auðkenningu við innskráningu inn í kerfið.
9. Aðgangi að stillingum í lyfjaskammtara skal vera hægt að aðgangsstýra, og krefjast innskráningar áður en hægt er að komast í stillingar. Stillingar á lyfjaskammtaranum sjálfum skulu ekki vera aðgengilegar nema með því að skrá sig inn með rafrænum hætti. T.d. með rafrænum lykli eða notendanafni og lykilorði. Hægt skal vera að skrá sig inn í lyfjaskammtara á fleiri en einn hátt, t.d. bæði með rafrænum lykli og notendanafni/leyninúmeri.